



Öldrunarheimili Akureyrar

Hlýleikakönnun á meðal íbúa á Öldrunarheimilum Akureyrar

„Menn mega ekki missa sjónar á því að þó eitthvað blási á móti þá er lífið alltaf yndislegt.“

Apríl 2016

María Guðnadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Framkvæmd	3
Spurningarnar	3
1. Ég fæ að vera þátttakandi í ákvarðanatöku	4
2. Starfsfólk þekkir mig með nafni	4
3. Starfsfólkinu er annst um mig / sýnir mér umhyggju	4
4. Mér finnst ég örugg/ur	5
5. Starfsfólkið er vel þjálfað og veit hvað það er að gera	5
6. Ég er einmana	6
7. Ég sé sjaldan yfirmenn	6
8. Ég treysti læknum mínum	7
9. Ég get valið það sem ég borða	7
10. Ég get farið á fætur og háttað þegar ég vil	8
11. Húsnæðið er hreint	8
12. Herbergið mitt er heimilislegt	9
13. Ég get rætt vandamál mín við starfsfólk	9
14. Ég finn stundum fyrir vanmáttarkennd	10
15. Ég nýt þess að fara í bað	10
16. Ég hef möguleika á að vera út af fyrir mig	11
17. Starfsmenn sýna mér virðingu	11
18. Mér leiðist	11
19. Starfsfólk gefur sér tíma til að tala við mig og hlustar á mig	12
20. Ég er ánægð/ur hér	13
21. - 23.	13
24. Er eitthvað á heimilinu þínu sem þú vilt benda á og betur mætti fara	13
Umræða og ályktanir	14
Siðferðileg álitamál og athugasemdir	14
Ástvinamissir	14
Ruglandi valmöguleikar	14
Matur	15
Útivera og samskipti við aðra íbúa	15
Þakklæti og tími	16
Samantekt og ályktanir	17

Inngangur

Síðan 2009 hafa Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) unnið eftir Eden hugmyndafræðinni og í upphafi ársins 2013 var ákveðið að sækja um alþjóðaviðurkenningu ÖA sem Edenheimili. Umsókn um slíka viðurkenningu felur í sér ákveðið ferli þar sem gerð er fyrirfram skilgreind úttekt á starfsemi heimilanna. Í viðurkenningu Eden felst gæðastimpill á starfsemi og stöðu heimilanna, sem þarf að endurnýja á tveggja ára fresti. Hluti af því að fá þennan gæðastimpil er að leggja fyrir svokallaða hlýleikakönnun á meðal íbúa, starfsfólks og aðstandenda. Könnunin var lögð fyrir í fyrsta skipti í nóvember 2013 og í annað skipti í mars 2016.

Könnuninni er ætlað að gefa góða mynd af því andrúmslofti sem ríkir á heimilinu, hvernig íbúum, gestum, og starfsfólki líður á heimilinu. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um hvar heimilið er stött á Eden ferðalaginu, hvað er gott og hvað betur má fara á heimilinu. Könnunin sem lögð er fyrir kemur frá Eden samtökunum í Bandaríkjunum og er þýdd og staðfærð með hliðsjón af danskri fyrirmynd.

Framkvæmd

Hlýleikakönnunin fór fram á ÖA á tímabilinu 29. febrúar - 1. apríl 2016. Spurningarlistarnir voru þrír, einn fyrir íbúa og einstaklinga í hvíldarinnlögn og dagþjónustu, annar fyrir aðstandendur og sá þriðji fyrir starfsmenn. Spurningalistinn fyrir aðstandendur og starfsfólk var sendur út rafrænt. Óháður aðili var fenginn til að leggja spurningalistann fyrir íbúa. Leitast var eftir að ná fram 50% úrtakshlutfalli í hverjum þátttakendahópi. Valið var handahófsúrtak af nafnalista, þar til tilskildum fjölda var náð. Svörin voru ekki persónugreinanleg.


Spurningarnar

Spurningalistinn innihélt spurningar í formi fullyrðinga þar sem íbúar voru beðnir um að svara hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunum. Svarmöguleikarnir voru „mjög sammála“, „sammála“, „veit ekki“, „ósammála“ og „mjög ósammála“. Spurningalistinn var lagður fyrir á rafrænu formi í iPad spjaldtölvu. Íbúar höfðu val um það að svara spurningunum sjálfir í spjaldtölvunni eða að fá aðstoð við svörun ef þess gerðist þörf. Í flestum tilfellum kusu íbúar að spurningarnar væru lesnar upp fyrir þá.

Alls svöruðu 127 einstaklingar spurningalistanum. Á heimilunum búa 183 íbúar og í hverri viku koma í kring um 80 einstaklingar í dagþjónustu. Svarhlutfallið reiknast því 50%. Rannsakandi fór á vettvang og bauð íbúum að taka þátt í könnuninni. Flestir tóku vel í það og einungis þrír neituðu boði um þátttöku. Þess var gætt að íbúar vissu að þeim væri heitinn fullur trúnaður. Spurningalistinn var lagður fyrir inni á herbergjum íbúa til þess að fá fullkomið næði og meiri líkur væru á að fá fram einlæg svör. Yfirferð spurningalistans tók frá fimmtán mínútum upp í klukkutíma. Oft skapaðist fjölbreytt umræða á meðan yfirferð spurningalistans stóð.

Ásamt því að leggja spurningarnar fyrir voru skráðar niður vettvangsnótur. Þannig var hægt að ná fram meiri dýpt í það hvers vegna íbúar svöruðu spurningum eins og þeir kusu að svara þeim. Einnig skráði höfundur niður hjá sér ýmislegt annað sem íbúar ræddu um. Hér fyrir neðan koma fram tilvitnanir frá íbúum en sumar þeirra komu fram á meðan yfirferð spurningalistans stóð en aðrar komu fram í lok samtals.

1. Ég fæ að vera þátttakandi í ákvarðanatöku




Rúmlega helmingur viðmælenda var sammála því að þeir fengu að vera þátttakendur í ákvarðanatöku og í kring um þriðjungur sagðist ekki vera viss. Spurningin vafðist fyrir mörgum og þeir skildu ekki nákvæmlega við hvað var átt með ákvarðanatöku. Þá var útskýrt að spurningin ætti við það hvort íbúar gætu verið þátttakendur í að ákveða ýmislegt sem tengist lífi þeirra á heimilunum. Sumir sögðust þá fá að vera þátttakendur, aðrir sögðust ekki vera vissir og enn aðrir sögðu að það væri ekki í boði.

„Ég þarf bara ekkert að ákveða svo ég veit það bara ekki.“

„Já ég get gert það.“


„Já já ég get það örugglega, ég veit það ekki.“

2. Starfsfólk þekkir mig með nafni



Þessi spurning vafðist ekki fyrir viðmælendum og langflestir sögðu starfsfólk þekkja sig með nafni.


3. Starfsfólkinu er annt um mig / sýnir mér umhyggju



Flestir viðmælendur voru sammála um að þeir findu fyrir því að starfsfólkinu væri annþ um þá. Margir nefndu að það væri mikið af starfsfólki og það væri misjafnt eins og gengur og gerist, en flest væri það blítt og ljúft.


„Já það er alveg ábyggilegt.“

4. Mér finnst ég örugg/ur



Langflestir sögðust upplifa öryggi á heimilunum og margir nefndu að öryggið væri ein helsta ástæðan fyrir því að þeir höfðu viljað flytja þangað.

5. Starfsfólkið er vel þjálfað og veit hvað það er að gera




Flestir viðmælendur (u.þ.b. 90%) voru sammála því að á heildina litið væri starfsfólkið vel þjálfað og vissi hvað það væri að gera. Talað var um að á heimilunum væri mikill fjöldi starfsfólks og eðli málsins samkvæmt væri það misvel þjálfað; nýtt starfsfólk þyrfti að venjast vinnunni. Þrátt fyrir það var bent á að yfirleitt væri ekkert mál að segja því til og benda því á hvað mætti betur fara.

„Já starfsfólkið er mjög almennilegt og veit hvað það er að gera.“

„Stundum veit starfsfólk ekki alveg, en þá get ég bara sagt þeim. Þá biðja þau mig um að segja þeim hvernig þau eigi að gera þetta.“

6. Ég er einmana



Rúmlega tveir þriðju viðmælenda sögðust ekki vera einmana. Svárið virtist hins vegar vera flóknara en við fyrstu sýn því það skapaðist gjarnan umræða í kring um spurninguna.

Það er hægt að skipta viðbrögðum við spurningunni gróflega í tvennt; flestir svöruðu um leið og spurt var en aðrir stöldruðu við eða gerðu hlé á máli sínu áður en þeir svöruðu. Þeir sem svöruðu um leið svöruðu flestir með ákveðnu „nei“ og margir létu það í ljós að þeim þætti þetta óþörf spurning, að þeir væru „alls ekkert einmana“. Sumir vildu fá að vita hvernig aðrir sem tækju þátt í könnuninni svöruðu þessari spurningu. Þeir sem gerðu hlé á máli sínu áður en þeir svöruðu sögðust flestir vera einmana, en flestir bættu við afsökun í kjölfarið, „en það er nú undir mér sjálfum komið.“ Þegar það kom að því að merkja í viðeigandi reit þá ítrekuðu margir afsökunina.

„Ég er einmana. Já. Ég neita því ekki.“


„EKKI einmana, en það mætti að sjálfsögðu endilega koma oftar og tala við mig.“

„Að vera einmana og láta sér leiðast er bara undir manni sjálfum komið.“

„Maður er manns gaman.“

„Já og nei, það er aðallega út af heyrninni. Fólk talar ekki mikið við mig því ég heyri svo illa.“

7. Ég sé sjaldan yfirmenn




Flestir viðmælendur misskildu spurninguna og töldu að hún ætti við forstjóra og hjúkrunarforstjóra. Margir sögðu það vera gaman að sjá forstjóran. Viðmælendur voru þá flestir sammála um að forstöðumenn stæðu sig vel, sæjust ekki endilega oft, en þó nógu oft. Fáir sögðust sjá forstöðumenn mjög oft.

„Já ég sé hana alltaf eitthvað.“

„Hún [forstöðumaðurinn] er nú oft í fríi, en hinar stúlkurnar eru nú alltaf hérna.“

„Ég sé ekki oft forstjórann en X [forstöðumaður] er voða indæl.“

8. Ég treysti læknum mínum



Flestir voru sammála því að þeir treystu læknum sínum og sögðust ekki hafa neina ástæðu til annars. Þó nokkrir sögðust ekki vera vissir hver lækurinn væri því þeir hefðu ekki þurft mikið á honum að halda. Aðrir nefndu að lækurinn kæmi ekki í vitjanir eins oft og þeir vildu. Töluverður fjöldi nefndi að það væri nauðsynlegt að hafa lækna sem sýndu alúð, vinsemd og virðingu og gæfu sér nægan tíma. Mikilvægt væri að lækna töluðu ekki niður til íbúa.


„Læknir? Veit ekki almennilega hver hann er.“

„Já ég treysti auðvitað læknum. Ætti ég ekki að gera það?“

„Ég hef reyndar lítið haft af honum að segja og ekki þurft á honum að halda.“

„Ég er stundum ósammála læknum en ég treysti honum samt.“

9. Ég get valið það sem ég borða



Um það bil tveir þriðju viðmælenda voru sammála um að þeir gætu valið það sem þeir borða og tæplega einn þriðji var ósammála. Nánast allir nefndu að spurningin væri villandi því þeir hefðu alist upp við að borða það sem sett var á borðið. Margir sögðust að þeir gætu eflaust valið ef þeir kærðu sig um en hefðu ekki látið á það reyna. Þannig kom upp ákveðið ósamræmi þar sem flestir völdu að svara því að þeir væru sammála því að þeir gætu valið hvað þeir borðuðu þar sem þeir „gætu ábyggilega gert það“. Það var augljóst að íbúum fannst þeir eiga að vera þakklátir fyrir að fá að borða og ættu ekkert að kvarta. Talað var um að það mætti vera meiri fjölbreytni. Þó nokkrir ræddu um sóun á mat og sögðu að fáir hefðu lyst á soðna grænmetinu og


Því mætti oftar bjóða upp á ferskt grænmeti eins og er niðri í matsal. Margir sögðu kvöldmatinn ekki vera nógu góðan og sögðust vilja geta fengið kjöt í stað súpu eða ávaxtagrauta.

„Ég borða náttúrulega það sem sett er fyrir framan mig.“

„Ég veit það ekki. Ég sleppi því bara að borða ef það er eitthvað sem mér líkar ekki.“

„Maturinn er mjög góður, mér finnst það.“

10. Ég get farið á fætur og háttað þegar ég vil




Flestir viðmælendur voru sammála um að þeir gætu farið á fætur og háttað þegar þeir vildu. Nokkrir íbúar nefndu að þeir þyrftu aðstoð við að fara á fætur eða háttá en þá kæmi starfsfólk til að aðstoða þá. Örfáir sögðust telja að þeir ættu að mæta í morgunmat á ákveðnum tíma og því gætu þeir ekki ráðið því hvenær þeir færu á fætur.

„Já það get ég.“

„Tja, það fer nú bara eftir því hvort þær eru uppteknar með öðrum eða ekki.“

Stundum segja þær „bíddu aðeins“ á meðan þær fara og aðstoða aðra á salerni.“

11. Húsnæðið er hreint




Flestir voru sammála um að húsnæðið væri hreint. Algengara var að konum, frekar en körlum, þætti ekki nógu vel þrifið. Þó nokkrir nefndu að þeir sem sæju um þrifin hefðu ekki nægan tíma til að þrifa; það væri

ekki farið nógu vel undir rúm og stóla, en baðherbergin væru yfirleitt þrífín vel. Nokkrir töluðu um að þeir vildu helst að þeir sem sjá um þrífín gætu gert það hægar og eytt meiri tíma í að spjalla á meðan.

„Já það er enginn vafi um það.“


„Já það er hreint, en ég vildi alveg eins tala bara við þær. Ég var hérna í heimaþjónustu með konu sem kom og þreif. Oft sátum við bara og töluðum saman. Stundum var tíminn bara búinn og hún ekkert búin að þrífá, en mér var alveg sama um það.“

12. Herbergið mitt er heimilislegt



Viðmælendur voru almennt sammála um að herbergin væru heimilisleg. Nokkrir nefndu að þeir hefðu gjarnan viljað stærri herbergi til þess að hægt væri að fá ættingja í heimsókn sem gætu gist.

13. Ég get rætt vandamál mín við starfsfólk




Flestir viðmælendur svöruðu þessari spurningu játandi, að þeir gætu rætt vandamál sín við starfsfólk. Þrátt fyrir þetta stöldruðu flestir við, sögðust ekki hafa látið á það reyna, en þeir gætu eflaust gert það ef þeir vildu. Margir nefndu að þeir ræddu ekki persónuleg vandamál við starfsfólk. Þannig kom upp ákveðið ósamræmi þar sem flestir völdu að svara því að þeir væru sammála því að þeir gætu rætt vandamál sín við starfsfólk, þó þeir hefðu ekki gert það, en þeir „gætu ábyggilega gert það“.

„Hefur ekki reynt á það. Ég hugsa að ég gæti gert það.“

„Þau hlusta á mig ef ég segi eitthvað.“

„Nei ekki um persónuleg vandamál en það sem viðkemur staðnum.“


14. Ég finn stundum fyrir vanmáttarkennd



Tveir þriðju sögðust ekki finna fyrir vanmáttarkennd og tæplega einn þriðji sagðist finna fyrir því. Þeir sem sögðust finna fyrir vanmáttarkennd töluðu um að hún fælist helst í því að geta ekki lengur gert eitthvað sem þeir hefðu haft ánægju af því að gera.

„Já ég finn fyrir því. Ég get gert minna en áður.“

15. Ég nýt þess að fara í bað




Flestir viðmælendur voru sammála um að þeim þætti gott að fara í bað. Flestir sögðust fara einu sinni í viku en einhverjir höfðu samið um að fá að fara oftar. Það var misjafnt hvort fólki þótti betra að fara í bað eða sturtu, en almenn ánægja ríkti um að fá að velja á milli.

„Já það er yndislegt.“

„Ég er fegnust þegar það er búíð.“

„Nei það er alveg hörmulegt. Leiðinlegt að þurfa að græja mig og fara í bað en þegar það er búíð er það svo sem gott.“


16. Ég hef möguleika á að vera út af fyrir mig



Almennt voru viðmælendur sammála um að þeir gætu verið út af fyrir sig.

„Já ég hef herbergið mitt og ég get alltaf komið hingað inn.“

17. Starfsmenn sýna mér virðingu



Langflestir sögðust vera sammála því að starfsfólk sýndi því virðingu. Þrátt fyrir þetta stöldrúðu langflestir við spurninguna. Margir hlógu, hristu hausinn og sögðust eiga erfitt með að svara; sögðust ekki skilja spurninguna. Þegar útskýrt var að með virðingu væri átt við viðmót og framkomu starfsfólks, virðingu sem þeir bæru fyrir íbúum, sjálfræði þeirra og velferð, þá sögðu flestir íbúar svo vera.


„Ég veit nú ekki hvernig þau gera það.“

„Já það held ég nú. Starfsfólkið er alveg yndislegt.“

„Þarf ekki að dekra mig mikið en get dáðst að því hvað þær eru góðar og þolinmóðar við okkur.“

„Kannast ekki við það. Það sýnir mér vinsemd en veit ekki með virðingu. Skritin spurning.“

18. Mér leiðist




Rúmlega tveir þriðju viðmælenda sagði að þeim leiddist ekki á heimilinu en fjórðungur fann fyrir leiða. Viðbrögðin við þessari spurningu og einmanaleikaspurningunni voru mjög svipuð. Margir nefndu að það væri undir þeim komið hvort þeir létu sér leiðast; þeir ættu að geta fundið sér eitthvað að gera.

„Nei alls ekki.“

„Smá, en maður verður bara að finna sér eitthvað.“

„Undir manni sjálfum komið.“

19. Starfsfólk gefur sér tíma til að tala við mig og hlustar á mig



Tæplega tveir þriðju sögðust vera sammála því að starfsfólk gæfi sér tíma til að tala við þá og hlusta á þá. Viðmælendur voru sammála um að starfsfólk væri upp til hópa almennilegt og gerði hvað það gæti til að láta íbúum líða vel. Flestir sögðu að ef íbúar stofnuðu til samræðna væri starfsfólkið boðið og búið að spjalla og hlusta en það gerðist sjaldan að starfsfólkið kæmi að fyrri bragði til íbúa að spjalla. Mikill fjöldi viðmælenda hafði löngun til þess að fá starfsfólk oftar „í heimsókn“ til að spjalla og töldu að starfsfólk myndi eflaust vilja tala meira við íbúa en það hefði einfaldlega ekki tíma til þess.

„Þær gefa sér ekki tíma til að tala við mig, ekki nema um þetta nauðsynlega.“

„Já mér finnst það.“


„Ég get alveg spurt þær og blaðrað við þær og þá hlusta þær“.

„Starfsfólk kemur ekki mikið inn og spjalla. Ég held nú þær sitji bara alltaf þarna frammi.“

„Hefur nú ekki tíma til að tala við okkur. Starfsfólkið það er ekki nógu margt. Það hefur nóg að gera. Það væri gott ef það væri fleira fólk. Það þarf að vera fólk sem er bara í því að tala við fólkið, vera með fólkinu og svoleiðis.“

„Þegar það hefur tíma. Þau hafa náttúrulega voðalega lítinn tíma því þau eru að sinna þeim sem eru kvabbandi.“

20. Ég er ánægð/ur hér



Nánast allir viðmælendur sögðust vera ánægðir á heimilinu.

„Gæti ekki verið betra en hér. Ég var svo fegin/n að komast hingað inn.“

„Ég er ánægður hér. Miðað við að vera á svona stofnun.“

„Það er yfir engu að kvarta.“

21. - 23.

Eftirfarandi spurningar áttu ekki við um alla.

21. Á hvaða heimili býrð þú?

22. Hve marga daga í viku sækir þú dagþjálfun?

23. Hvað hefur þú verið lengi í tímabundinni dvöl?

24. Er eitthvað á heimilinu þínu sem þú vilt benda á og betur mætti fara

Þegar það kom að þessari spurningu svaraði fólk ýmist neitandi, sagði að ekkert þyrfti að bæta og að þeim liði almennt vel á heimilinu.

Umræða og ályktanir

Siðferðileg álitamál og athugasemdir

Oftast fór yfirferð spurningalista fram í herbergjum íbúa og því fékkst gott næði til að ræða málin. Sumar spurningarnar eru viðkvæmar og því var þess gætt að sýna nærgætni og hlýju í samskiptum. Einungis í fáum tilvikum fór fyrirlögn spurningalista fram í opnum rýmum á ÖA, í setustofum eða á gangi, þegar aðstæður voru þannig. Í öllum tilfellum var rólegt á heimilunum og lítið um erill en þrátt fyrir það var starfsfólk nærri. Í því felst líklega ákveðin skekkja þar sem ólíklegra er að viðmælendur hefðu látið einhvers konar óánægju í ljós í kring um starfsfólk eða aðra íbúa.

Það var áhugavert að í síðustu spurningunni, hvort viðmælendum þætti þurfa að bæta eitthvað, svöruðu allir íbúar neitandi og sögðu að allt á heimilinu væri gott. Þrátt fyrir það kom í ljós í samtölunum að íbúar höfðu ýmislegt að segja um aðstæður á heimilinu. Þess vegna er eigindleg aðferð, samtöl, kjörin aðferð til viðbótar við meginlega spurningalistann. Eins og áður kom fram var þess gætt að samtöl og yfirferð spurningalista einkenndust af einlægni, hlýju og skilningi. Þannig var hægt að fá fram svör sem hefðu annars ef til vill ekki komið fram.

Ástvinamissir

Á síðustu árum hefur meðalaldur íbúa á hjúkrunarheimilum hækkað lítillega og fjöldi íbúa á öldruð börn. Þó nokkrir íbúar sögðu frá því að þeir hefðu misst börn sín á síðustu vikum, mánuðum eða árum. Þetta vakti upp spurningar um það hvernig er unnið með ástvinamissi aldraðra á öldrunarheimilum. Þegar einstaklingur missir 5 ára barnið sitt upplifir hann gífurlega sorg. Einstaklingur sem missir fullorðið barn sitt upplifir einnig þessa sömu sorg. Íbúar sem höfðu misst börn fannst þeir ekki hafa fengið tækifæri til að vinna úr sorginni; þetta er bara „gangur lífsins“. Auðvitað er það eðlilegra að gamalmenni en barn falli frá, en það er engu að síður nákvæmlega jafn sárt að lifa barnið sitt, sama hversu gamall þú ert.

„Ég skil ekki hvers vegna ég fékk ekki að fara á undan.“

Þá er vert að spyrja, hvernig er tekið á ástvinamissi aldraðra á Íslandi? Er markviss eftirfylgni og stuðningur í boði?

Ruglandi valmöguleikar

Mörgum viðmælendum þótti spurning númer sjö ruglandi og mögulega þyrfti að endurorða hana og spyrja íbúa frekar hvort þeim þætti þeir sjá forstöðumenn og stjórnendur heimila nógu oft.

Mörgum íbúum þótti valmöguleikarnir í könnuninni ruglandi og hefðu frekar viljað hafa einn möguleika í stað bæði „mjög sammála“ og „sammála“. Sama átti við um „mjög ósammála“ og „ósammála“. Aðrir töluðu um að það hefði frekar þurft að hafa valmöguleikann „á ekki við“ í stað „veit ekki“ valmöguleikans.

„Mjög sammála eða sammála? Ég er bara sammála. Hver er eiginlega munurinn?“

Matur

Íbúar höfðu margt að segja um matinn og vildu gjarnan fá að ráða meiru varðandi hann. Þó nokkrir sögðu að þeir vildu gjarnan að það yrði komið til móts við þá og boðið upp á fundi til að ræða um matinn.

Töluvert var rætt um að kvöldmaturinn væri ekki nógu góður og það væri ekki nóg að fá súpu á kvöldin.

Margir, sérstaklega þeir sem höfðu einhvern tímann borðað í aðalmatsalnum, vildu oftast fá ferskt salat.

Nokkrir vildu gjarnan borga meira og fá betri mat. Þó nokkrir sögðu að þeir vildu ekki kvarta en þætti leiðinlegt að fá ekki að ráða meiru í tengslum við matinn.

Þessi umræða hlýtur að vekja spurningar um hvort og með hvaða þætti eigi að auka aðild íbúa að matseðlagerð.

Samskipti

Mikið var rætt um mikilvægi samskipta á milli starfsfólks, aðstandenda og íbúa og að öldruðum sé sýnd alúð, vinsemd og virðing. Almenn séð voru íbúar sammála um að starfsfólk sýndi nærgætni og umhyggju í samskiptum og rætt var um mikilvægi þess að starfsfólk öldrunarheimila gefi sér tíma í samskiptum við íbúa, tali ekki niður til fólks eða líti niður á það.

Útivera og samskipti við aðra íbúa

Í sambandi við spurninguna hvort starfsfólk gæfi sér tíma töluðu viðmælendur mikið um að þá langaði oftast út. Margir sögðust hins vegar ekki treysta sér einir út og vildu gjarnan að starfsfólkið notaði meiri tíma til að fylgja þeim. Einn viðmælandi sagðist hafa unnið á Hlíð þegar hún var ung og sagði að þá hefðu íbúar talað mikið um að þeir hefðu löngun til að fara oftast út. Hún sagði það sama eiga við í dag; flesta íbúa langaði oftast út en þeir gerðu. Margir voru vanir útiveru áður en þeir fluttust á heimilið en eftir að þeir fluttust þangað treysta þeir sér ekki einir út. Jafnframt þora þeir ekki að biðja um að fá aðstoð starfsfólks eða ættingja við útiveru, því þeir vilja ekki trufla eða vera til trafala.

Þó nokkrir nefndu löngun til að kynnast fleiri á heimilunum. Margir þeirra höfðu ekki þorað að nefna þetta við starfsfólk því þeir vildu ekki trufla það.

„Ekki margir sem ég þekki hérna. Ég tala ekki við marga.“

„Vildi kynnast fleirum en ekki margir með höfuðið í lagi.“

„...sakna þess að tala við fólk.“

Þakklæti og tími

Viðmælendur voru fegnir að fá einhvern til að tala við og spyrjandi upplifði þakklæti fyrir komuna og samtalið.

„Takk kærlega fyrir að líta á mig.“

„Þakka þér kærlega fyrir komuna, hjartanlega velkomin alltaf.“

Viðmælendur nefndu að þeim þætti vænt um að fá að tala og að það væri hlustað á þá. Þörfin fyrir að spjalla kom oft fram, til dæmis þegar rætt var um starfsfólk, þrífín og einmanaleika. Margir nefndu að þeim myndi þykja vænt um að starfsfólk kæmi oftar „í heimsókn“ án þess að það væri einhver ástæða fyrir heimsókninni. Einnig töluðu nokkrir um að það væri gaman að fá fólkið sem sér um þrífín í „heimsókn“, sérstaklega ef það mætti vera að því að spjalla.

“Takk fyrir að hlusta á mig.“

„Gott að fá að tala. Það er svo gott að tala við þig.“

„Það er fullt af fólki sem kemur inn til mín, en bara inn - út, ekki í svona spjall eins og þú.“

Það kom greinilega fram að gæði samskipta skipti viðmælendur meira máli en magn samskipta. Margir nefndu að þeim hefði þótt gott að geta opnað sig og rætt mál sem þeir ræddu jafnvel ekki við neinn.

Viðmælendur upplifðu að starfsfólk væri mjög upptekið og hefði lítinn tíma til þess að kíkja í „heimsókn“ og tala um daginn og veginn.

„Það er svo misjafnt. Maður vill ekki opna sig fyrir hverjum sem er.“

“Endilega komdu aftur. Það er þægilegt að tala við þig og maður getur opnað sig fyrir þér.“

“Bara svona á milli okkar...”

„Starfsfólkið er ágætt, en það er bara þannig að það eru ekki allir sem gefa af sér.“

„Ég ætla að vera hreinskilinn við þig, manni leiðist nú ósköp að vera hér á herberginu allan daginn.“

„Fyrst þú ert komin þá hlýtur vorið að vera að koma.“

Er mögulegt að starfsfólk skipuleggi tíma sinn á annan hátt og heimsæki íbúa oftar á meðan vakt stendur? Er hægt að hvetja ættingja til að koma oftar eða hringja oftar? Er hægt að ráða fleira fólk, fá fólk í gegn um VIRK eða efla sjálfbodaliða til að sinna einungis þessum sálfélagslegum þáttum?

Samantekt og ályktanir

Hlýleikakönnunin vísar í það andrúmsloft sem einkennir heimilið, hvort það er „hlýtt“ eða „svalt“. Heimili sem eru svöl, gefa vísbendingar um andrúmsloft sem einkennist af bölsýni, neikvæðni, kaldhæðni og óvingjarnlegu viðmóti. Svalt andrúmsloft er neikvætt og krefst úrbóta. Heimili sem eru hlý, gefa vísbendingar um andrúmsloft sem einkennist af bjartsýni, jákvæðni, trausti, velvilja og hjálpsemi. Þannig líkist svalt heimili frosinni jörð – ekkert grær í frosinni jörð þrátt fyrir ríkulegan áburð. Á sama hátt gefa hlý heimili möguleika á breytingum og vexti. Þau eru vongóð og gengur yfirleitt betur. Á heimili þar sem andrúmsloftið er hlýtt eru samskiptin opin, einlæg, og þar ríkir samvinna og jafnvægi. Til að komast að því hvort heimilin eru hlý eða svöl er skoðað hvernig íbúar svara spurningunum. Varðandi allar spurningar nema spurningar 6, 7, 14 og 18, er hlýja spurninga metin eftir hlutfalli þeirra sem svara „mjög sammála“ eða „sammála“ og svalt er hlutfall þeirra sem svara „veit ekki“, „mjög ósammála“ eða „ósammála“. Varðandi spurningar 6, 7, 14 og 18, er hlýja spurninga metin eftir hlutfalli þeirra sem svara „mjög ósammála“ eða „ósammála“ og svalt er hlutfall þeirra sem svara „mjög sammála“, „sammála“ eða „veit ekki“. Sá hluti íbúa sem ekki tók afstöðu afstöðu með spurningunum og svöruðu „veit ekki“ var mest 36%. Það er töluvert hátt hlutfall og það má velta fyrir sér hvernig það hefur áhrif á hlýleikamælinguna.

Helstu niðurstöður Hlýleikakönnunarinnar sýna að í heildina litið virðast heimilin einkennast af hlýju andrúmslofti og íbúar eru ánægðir með líf sitt innan heimilanna. Það er jákvætt og ánægjulegt að sjá að íbúar eru almennt ánægðir með starfsfólkið, finna fyrir umhyggju og því að starfsfólk þekki nöfn íbúa. Íbúar eru ánægðir með heimilin og finna fyrir öryggi þar. Að auki þykja herbergin hrein og heimilisleg, með möguleika á því að vera út af fyrir sig.

Það eru nokkrir þættir sem þarf að athuga svo sem hvernig íbúar hafa áhrif á ákvarðanatöku innan heimilanna. Að auki þarf að skoða hvort það sé hægt að auka traust og trúnað á milli íbúa og starfsfólks sem leiðir til þess að þeir geti rætt vandamál sín við starfsfólk. Einnig er ljóst að íbúar vildu gjarnan að starfsfólk gæti gefið sér meiri tíma til þess að tala um daginn og veginn. Mikilvægt er að huga að aukinni þátttöku íbúa í félagslífi, iðju og viðburðum. Að lokum kom í ljós að það var ekki endilega samræmi á milli þess sem íbúar ræddu um á meðan könnunin var lögð fyrir og því sem þeir völdu að svara í könnuninni. Það átti sérstaklega um spurningar sem vörðuðu einmanaleika, vanmáttarkennd og leiða. Margir íbúar sögðust finna fyrir því en afsökuðu sig með því að það væri undir sjálfum þeim komið og kusu því að svara því neitandi.

Niðurstöður úr Hlýleikakönnuninni gefa tilefni til frekari úrvinnslu og að sett verði upp úrbótaáætlun sem unnið verði að á næstu tveimur árum. Edén hugmyndafræðin leggur áherslu á að börn, dýr og blóm séu hluti af lífi íbúa á öldrunarheimilum og aukið lífsgæði þeirra. Mögulega mætti útfæra þessa þætti og nýta betur á heimilunum.

Í heildina litið virðast íbúar vera ánægðir með líf sitt á Öldrunarheimilum Akureyrar, sem og framkomu starfsfólks og aðbúnað. Hlýleikakönnunin ýtir undir mikilvægi þess að efla umræðu í samfélaginu um hvað felst í lífsgæðum íbúa á öldrunarheimilum. Það er ekki nóg að vera við sem besta líkamlega heilsu heldur er nauðsynlegt að huga að sálfélagslegri heilsu. Eins er mikilvægt að starfsfólk hjúkrunarheimila, sem og almenningur allur, hafi í huga hversu dýrmætt það er að halda tengslum við þá sem eldri eru. Að auki er einfaldlega ekki nóg að bæta árum við lífið, heldur þarf einnig að gæða árin lífi.